


„Allir hinir mega það“

Marita-fræðsla fimmtudaginn 3.apríl 2014

Næstkomandi fimmtudag kemur Magnús Stefánsson frá Marita og verður með fundi í Grunnskólanum á Þórshöfn með nemendum í 7.-10.bekk í Langanesbyggð. Magnús kemur á vegum Vímuvarnarráðs, Langanesbyggðar og Saltkaupa.

Magnús sýnir heimildarmynd um sögu Páls Óskars til 13 ára aldurs. Páll þurfti að þola aðfinnslur og jafnvel ljóta framkomu af samnemendum sínum um 7 ára skeið. Með aðstoð foreldra sinna náði hann að vinna sig í gegnum þetta erfiða tímabil og tók mjög ákveðna afstöðu sem barn að nota ekki vímuþjafa.



Að lokinni mynd verða umræður um myndina og ræðir Magnús einnig atriði eins og breytingar á unglingsárum, tilfinningar, samskipti við foreldra, tölvur, netnotkun, tóbak og fl.

Fræðslan fer fram á skólatíma fyrir nemendur en um kvöldið verður fundur með foreldrum. Atriði til umræðu þar eru m.a: Tölvunotkun, ofbeldi í tölvuleikjum, sjónvarpsþættir, auglýsingar, aukin klámvæðing, Facebook og o.fl

Niðurstöður lífsháttarkönnunar

Eins og kynnt var fyrr í vetur þá var **lífsháttarkönnun** lögð fyrir nemendum í **8.-10.bekk í Langanesbyggð ásamt nemendum í framhaldsskóladeildinni**. Það var **María Björk Ingvadóttir** sem vann könnunina og kemur hún einnig á fimmtudaginn og mun kynna niðurstöður hennar fyrir foreldrum á þessum sama fundi.



Fundur með foreldrum/forráðamönnum verður í matsalnum í íþróttahúsinu, fimmtudaginn 3.apríl og byrjar kl.20.00

Vonumst til að sjá sem flesta!

Vímuvarnarráð Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps